




Hjálmur

fréttablað

Orlofsbústaðir 2011

Ellefu sumarhús Hlífar eru í boði yfir sumarið. Einnig er hægt að sækja um orlofshús yfir páska. Kynntu þér allt um orlofshúsin á bls.12-15

[12]



Sameiginleg launastefna, kaupmáttur og atvinnuöryggi

Ný skoðanakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði fyrir ASÍ sýnir að 94% þeirra sem taka afstöðu vilja sambærilegar launahækkningar fyrir alla í komandi kjarasamningum á móti 6% sem vilja meiri launahækkningar til þeirra sem starfa í útflutningsgreinum. Þá vilja 48% að verkalyðshreyfingin leggi mesta áherslu á að tryggja kaupmátt launa í yfirstandandi kjaraviðræðum en 24% vilja að áherslan sé á að tryggja atvinnuöryggi. Félagsvísindastofnun Háskólans gerði skoðanakönnunina fyrir Alþýðusamband Íslands. Úrtakið var 1200 manna slembiúrtak úr þjóðskrá, 18

ára og eldri. Könnunin var gerð í gegnum síma dagana 5.-16. febrúar 2011. Svarhlutfallið var 62,9%.

Nær allir vilja sameiginlega launastefnu, 48% vilja leggja mesta áherslu á kaupmátt og 24% á atvinnuöryggi

Niðurstöðurnar má skoða betur á vefsíðunni www.asi.is

AÐALFUNDUR HLÍFAR

Aðalfundur Verkalýðsfélagsins Hlífar verður haldinn fimmtudaginn
14. apríl 2011 kl: 20:00
í Skútunni, Hólshrauni 3
Hafnarfirði


Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf
Kosning í kjörstjórn
Félagsmál
Önnur mál
Kaffiveitingar

Stjórnin



[16]

Trúnaðarmaður í 18 ár



[3]

Staðan í kjaraviðræðum



[6]

Kalla mig atvinnuþrasara



Verðlaunahafar í krossgátu Hjálms



Dregið hefur verið úr innsendum lausnum í krossgátu jólablaðs Hjálms. Lausnarorðið var Frost-rósir. Fyrstu verðlaun, kr. 10.000, hlýtur Jón Friðrik Jónsson starfsmaður hjá Rio Tinto Alcan. Önnur verðlaun sem eru helgardvöl í orlofshúsi Hlífar, að eigin vali yfir vetrartímann, hlýtur Sigurður Þorleifsson, starfsmaður í Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar. Á myndinni má sjá þá Jón og Sigurð taka við verðlaununum af Kolbeini Gunnarssyni formanni Hlífar. Verkalýðsfélagið Hlíf þakkar fyrir góða þátttöku en margir félagsmenn sýndu krossgátunni áhuga að þessu sinni og sendu inn lausnarorðið.

Hvar vorum við? Hvert stefnum við?

Starfsafl og Landsmennt

- Fræðslusjóðir í 10 ár!

Í tilefni af 10 ára starfsafmæli Landsmenntar og Starfsafls bjóða sjóðirnir upp á ráðstefnu á Hótel Sögu (Stanford) 17. mars nk. kl. 14:00-17:00

Dagskrá verður í formi stuttra erinda um sögu, hlutverk og stefnu fræðslusjóða almennra starfsmanna og atvinnurekenda.

Fundarstjórn: Marianna Traustadóttir

Skráning á netföng sjóðanna: starfsafl@starfsafl.is og landsmennt@landsmennt.is

**SKRIFSTOFA
VERKALÝÐSFÉLAGS
HLÍFAR
Reykjavíkurvegi 64**

OPNUNARTÍMI:
Mánudaga til föstudaga
frá kl. 08:30 til 16:00
Sími: 5100 800
Fax: 5100 809

Veffang: www.hlif.is
Netfang: hlif@hlif.is
Ábyrgðarmaður:
Kolbeinn Gunnarsson
Útgefandi: Verkalýðsfélagið Hlíf

Umbrot: Betri Stofan ehf.
Ritstjórn og efnisöflun:
Marín Hrafnadóttir og
Steingrímur Ólafsson
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Staðan í kjaramálum í dag

Viðræður um kjarasamninga hafa staðið yfir í alllangan tíma, eða frá því í haust. Undirbúningur kjaraviðræðna hófst í byrjun september, og samningar á almennum markaði runnu út þann 30. nóvember 2010. Flest allir aðrir kjarasamningar í samfélaginu hafa verið lausir frá lokum ársins 2010, en þeir sem voru lausir síðast, frá 31. janúar 2011.

Með misjöfnum árangri hafa viðræður farið fram þar sem Samtök atvinnulífsins hafa lagt fram kröfu um þriggja ára samning á meðan Flóabandalagið hefur lagt áherslu á styttri samning. Verulegt bakslag varð á gangi samningaviðræðna, er Samtök atvinnulífsins stilltu viðræðum upp á þann hátt, að ekki yrði gengið frá kjarasamningum á almennum markaði fyrr en búið væri að ganga frá samkomulagi við stjórnvöld um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu.

Kaupmáttur aðalatriðið

Samninganefnd ASÍ hitti forystu SA á fundi hjá ríkissáttasemjara 10. febrúar s.l. til að freista þess að koma kjaraviðræðum í gang að nýju. Félögin hófu þegar í stað að óska efir fundum um sérmál.

Sérkröfur hafa verið allengi undir, og virð-

ist vera að þær viðræður séu að komast á lokastig með breytingum á efni í vissum köflum eða bókunum, um lausn á þeim málum. Þó þar hafi ekki verið ræddar launakröfur, þá hefur þeim kröfum sem lúta að launum verið vísað inn á það borð sem verður með viðræður um launaliði. Launakröfur sem flóafélögin hafa lagt áherslu á, er að ná launahækkunum sem geta skilað okkar félagsmönnum auknum kaupmætti. Að öllum líkindum fara fram viðræður um launaliði á næstunni, en á þessu stigi er ekki hægt að segja til um hvað þær standa lengi, eða hver árangur þeirra verði. Þann 21. febrúar s.l. var sett vinna í gang á milli ASÍ og SA um sameiginleg mál launþega og í samræmi við kröfugerð ASÍ. Unnið er í sex hópum sem fjalla um:

- Jöfnun lífeyrisréttinda.
- Jafnrétti, persónuvernd og samráð.
- Aðildarskipti, kennitölufylklak og svarta atvinnustarfsemi.
- Opinber útboð.
- Slys- og veikindarétt.
- Vaktir og yfirvinnu.

Lítill vilji stjórnvalda

Varðandi kjarasamninga við ríkið hefur verið boðað til fárra funda. Á þeim fundum sem hafa verið haldnir, hefur ekki komið fram vilji til hækkunar launa til okkar félagsmanna frekar en annarra sem vinna hjá hinu opinbera.

Með sveitafélögum hafa heldur ekki verið haldnir margir fundir, en að þessu sinni hafa flóafélögin Hlíf, Efling og VSFK ákveðið að reyna að gera sameiginlegan samning við sveitafélögin. Unnið verði að því að starfsmatið komi inn fyrir starfsmenn Hafnarfjarðar, en þessa dagana erum við að skoða hvort það gangi upp gagnvart okkar félögum miðað við innröðun í launatöflu eins og hún er uppbyggð með starfsmati.

Nokkrum sinnum hefur verið fundað með Alcan um gerð kjarasamnings, og var ákveðið í upphafi viðræðna að skoða hvort hægt væri að fella bónusa inn í laun starfsmanna. Undanfarið hefur þessi skoðun farið fram, en tekið lengri tíma en við áætluðum í byrjun viðræðnanna. Eins er verið að skoða aðra möguleika í tengslum við bónusgreiðslur.

Kolbeinn Gunnarsson

Starfsafl og Landsmennt fræðslusjóðir í 10 ár!

Í tilefni af 10 ára starfsafmæli Landsmenntar og Starfsafls bjóða sjóðirnir upp á ráðstefnu og afmælishóf á Hótel Sögu 17. mars nk. kl. 14:00-17:00

Hvar vorum við? Hvert stefnum við?

Dagskrá:

14:00-14:15	Upphaf og stofnun sjóðanna, Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar
14:15-14:35	Starfsafl og Landsmennt; nýting fjármuna, Kristín Njálisdóttir og Sveinn Aðalsteinnsson
14:35-14:50	Viðhorf stéttarfélaga til fræðslu; Aðalsteinn Á. Baldursson
14:50-15:05	Viðhorf atvinnurekanda til fræðslu; Jón Þórir Franzson frá Íslenska gámafélaginu
15:05-15:20	Reynslusaga einstaklings, Berglind Freyja Búadóttir
15:20-15:35	Reynslusaga, fyrirtækis á landsbyggðinni
15:35-16:10	Pallborð; Framtíðarsýn og hlutverk fræðslusjóða. Þátttakendur: Jón Þórir Franzson, Sigurður Bessason, Auður Þórhallsdóttir, Hjördís Þ. Sigurþórsdóttir.
16:10-17:00	Samvera og umræður ásamt tónlistaratriði

Ráðstefnustjóri: Maríanna Traustadóttir

Skráning á starfsafl@starfsafl.is eða landsmennt@landsmennt.is
Síðasti skráningardagur er mánudagurinn 14. mars 2011



www.veislulist.is

Góð veisla lifir lengi!

Allar nánari upplýsingar veita matreiðslumenn okkar frá kl. 12:00 - 17:00 allra daga nema sunnudaga í síma 555 1810 eða á heimasíðu okkar www.veislulist.is

Sendið okkur fyrirspurn á skutan@skutan.is

Veislulist

Veislulist og Skútan, Hólshrauni 3 - Hafnarfirði - Sími 555 1810



Ingibjörg Ólafsdóttir
Ráðgjafi í
starfsendurhæfingu

Nýr starfsmaður hjá Virk

Ingibjörg Ólafsdóttir hefur verið ráðin sem starfsmaður Virk og starfar hálfan dag í viku hjá Hlíf. Ingibjörg lauk BSc gráðu í sjúkraþjálfun frá Háskóla Íslands vorið 1996 og MS gráðu í viðskiptafræðum frá Háskóla Íslands haustið 2010. Hún hefur starfað sem sjúkraþjálfari í Mætti, hjá Sjúkraþjálfaranum í Hafnarfirði og nú síðast á sjúkraþjálfunarstöðinni Átaki í Keflavík. Meðfram námi hefur Ingibjörg starfað við heilsutengd málefni ýmiss konar, verið þolfimleiðbeinandi og unnið við ýmiss konar fræðlustörf.



Hópur á vegum Starfsendurhæfingar undirbýr göngu á Helgarfell

Starfsendurhæfing Hafnarfjarðar flytur

Hjá Starfsendurhæfingu Hafnarfjarðar fer fram atvinnutengd endurhæfing. Þátttaka hentar fólki sem hefur af einhverjum ástæðum þurft að hverfa af vinnumarkaði eða ekki náð fótfestu þar og telur sig þurfa aðstoð við að bæta stöðu sína til þess að komast til vinnu á ný. Þátttakendur eiga það sameigin-

Frá upphafi hefur starfsemi Endurhæfingar Hafnarfjarðar verið til húsa í Menntasetrinu við Lækinn en nú standa flutningar fyrir dyrum og flyst starfsemi að Flatahrauni 3

legt að vilja vinna að því á markvissan hátt að breyta stöðu sinni og stefna út á vinnumarkaðinn.

Í endurhæfingunni vinna þátttakendur að því að efla líkama og sál, fá ýmis konar fræðslu, taka þátt í hópastarfi og líkamsrækt.

Nám getur verið hluti endurhæfingarinnar þar sem kostur gefst á að rífa upp kunnáttu eða bæta við menntun sína. Gott samstarf hefur verið við Flensborgarskólann um námsþátt endurhæfingarinnar, en kennarar þaðan hafa annast kennslu í grunnfögum hjá okkur, s.s. íslensku, ensku, stærðfræði og félagsgreinum. Starfið er í stöðugri þróun og meðal þess sem best hefur við er starfsþjálfun á vinnustað sem hefur gengið mjög vel. Atvinnurekendur hafa verið fúsir til samstarfs og þátttakendur hafa lang flestir lýst ánægju sinni með þennan þátt endurhæfingarinnar. Þar gefst þeim tækifæri til þess að láta reyna á vinnugetu sína og þol. Þeir geta til dæmis mátað sig við ákveðnar aðstæður á vinnumarkaði s.s. hvort tiltekinn starfsvettvangur eða starf hentar þeim miðað við heilsufar eða áhugasvið og hafa möguleika á að prófa sig áfram í vinnu. Ekki er til dæmis óalgengt að fólk standi frammi fyrir því að þurfa að skipta um starfsvettvang í kjölfar heilsuþrengingar og þá getur starfsþjálfun verið góð leið til þess að reyna sig á nýju sviði.

Árangurinn verður að teljast góður, stór hluti

útskrifaðra hefur farið í nám, nokkrir í vinnu þrátt fyrir erfitt atvinnuástand og næstum allir aukið virkni sína. Eitt af því sem í ljós hefur komið og þátttakendum sjálfum þykir skipta hvað mestu máli er að þátttakan hefur bætt lífsgæði þeirra og fjölskyldna þeirra.

Frá upphafi hefur starfsemi verið til húsa í Menntasetrinu við Lækinn í húsnæði Námsflokka Hafnarfjarðar. Með vorinu verður breyting þar á og hún flyst að Flatahrauni 3. Þar er gott aðgengi með lyftu auk þess sem þátttakendur fá betri aðstöðu til félagsstarfs og samskipta en hægt er að veita við núverandi aðstæður. Einnig sjáum við ýmsar leiðir opnast til þróunar starfsins sem nú eru ekki færar. Við horfum því bjartsýn fram á veginn og munum halda áfram að gera eins vel og við getum svo lengi sem þörf er á starfi af þessum toga og vilji til þess að standa vel að því.

Heimasíða Starfsendurhæfingar Hafnarfjarðar er www.stendur.is og þar má fá nánari upplýsingar um starfsemina.

*Anna Guðný Eiríksdóttir,
framkvæmdastjóri*



Linda Baldursdóttir er varaformaður Hlífar og hefur lengi starfað að mál-efnum launafólks í Hafnarfirði.

Hún byrjaði hjá Hlíf þegar verkakvennafélagið Framtíðin og Hlíf sameinuðust árið 1999. Hún var gjaldkeri Framtíðarinnar í nokkur ár áður en hún tók að sér formennsku félagsins auk þess að hafa gegnt öðrum trúnaðarstörfum áður en hún hóf störf hjá félaginu. Linda gegnir afar fjölbreyttu starfi fyrir Hlíf ásamt því að vera í ýmsum stjórnnum og nefndum fyrir Starfsgreinasambandið og ASÍ.

„Þetta eru orðin 15 ár sem ég hef starfað við þetta og það mætti kannski kalla mig atvinnuprasara og þess vegna hafi ég ílengst, en ég hef gaman að rökræða um hluti.“ Linda segist koma úr fjölskyldu sem hefur gaman af að rökræða mál og kryfja þau til mergjar en aðalástæðuna fyrir því að hún vinni að verkalýðsmálum segir hún tengjast réttlætiskennnd sinni. Hún vill hvergi staðsetja sig í pólitík en segir þó að jafnaðarmennskan sé henni í blóð borin. „Ég vil ekki tengja mig einum flokki, ég er að starfa fyrir fólk úr öllum flokkum, með

mjög misjafnar skoðanir. Ég vil geta hælt og gagnrýnt eftir því sem þurfa þykir, sama hvaðan hlutirnir koma.“

Minna um hróp og köll

Það hefur margt breyst á þessum árum sem Linda hefur komið að málum. „Kannski sjáum við það betur sem vinnum við þetta dagsdaglega og best gæti ég trúað að fólki finnst eins og lítið hafi gerst og að við séum ekki að gera nóg“, segir Linda og brosir. „En menn verða að átta sig á því að verkalýðshreyfingin vinnur allt öðruvísi en áður. Nú er áherslan lögð á hvað fólk fær fyrir krónurnar sínar, þ.e. kaupmáttinn, það er það sem skiptir máli fyrir fólkið okkar. Að fara fram með stórar tölur með hrópum og köllum þjónar ekki tilgangi.“ Linda bætir við að upphrópanir einstakra manna í fjölmíðlum séu með ólíkindum og segir æsingarstíl fjölmíðlanna slíkan að annað nái ekki eyrum fólks. „Það hefur engan tilgang að við í verkalýðshreyfingunni séum að úthúða hvert öðru í fjölmíðlum, engin verður meiri af því að rakka niður störf annarra.“

Mætti kannski kalla mig atvinnuprasara

Lægstu launin verða líklega alltaf of lág

Linda segir ýmislegt hafa áunnist í baráttunni. „Þegar ég byrjaði voru lágmarks-laun nálægt 40.000 á mánuði og það er ekkert svo langt síðan. Þar með er ég ekki að segja að lágmarkslaun séu ásættanleg í dag en lægstu laun eru og verða alltaf lægstu laun og sjálfsagt alltaf of lág, því miður.“ Hún bendir á að það hafi margt áunnist varðandi réttindamálin og nefnir t.d. lífeyrisréttindin í þeim efnum.

Þegar Linda er beðin um að nefna eitthvert eitt mál sem henni þyki vænst um segir hún: „Þegar við gerðum kjarasamninginn við ríkið árið 2004. Þá stóðu öll stéttafélögin innan Starfsgreinasambandsins að einum heilstæðum kjarasamningi. Með

„Ég vil ekki tengja mig einum flokki, ég er að starfa fyrir fólk úr öllum flokkum, með mjög misjafnar skoðanir...“

því náðist t.d. mikið betri veikindaréttur, lífeyrisgreiðslur og fleiri réttindamál til jafns á við aðra ríkisstarfsmenn. Þeir sem voru í almennu stéttarfélagunum voru með mun verri réttindi en þeir fram að þeim tíma. Þessi áfangi var mjög mikilvægur og gleðilegur.“

Óheilbriggt kerfi

Hvernig líst Lindu á stöðuna í dag: „Það er erfitt að segja en staðan er ekki góð. Vasarnir eru því miður tómir og þótt rætt sé

“Það verður að koma atvinnustarfseminni í gang, skapa umhverfi og umgjörð til að svo geti orðið, það er algjört forgangsverkefni, þetta held ég að allir séu sammála um.”

um að við séum búin að ná botninum þá er enginn fótfešta þar. Við troðum bara marvaða þarna niðri. Það verður að koma atvinnustarfseminni í gang, skapa umhverfi og umgjörð til að svo geti orðið, það er algjört forgangsverkefni, þetta held ég að allir séu sammála um.” En henni finnst lítið gerast og hefur áhyggjur af framhaldinu: „Á meðan ekkert gerist sökkuvum við dýpra. Maður fær eiginlega kökk í hálsinn þegar maður heyrir hversu dapurt fólk er orðið á ástandinu, félagsmenn hafa vissulega skilning á stöðunni en það er mikil depurð og vanmáttur sem maður finnur fyrir hjá fólki. Mér finnst líka visst virðingar-

leysi í gangi gagnvart þeim sem vilja vinna og eru í vinnu, kreppan klípur allt utan af launum fólks og það er nánast hrakið út í óvissuna ef það sættir sig ekki við það sem að þeim er rétt.”

Og hún nefnir að „kerfið“ geti ekki gengið svona til lengdar. „Mér finnst eins og það sé verið að búa til bótaþega, hættan er að upp séu að vaxa kynslóðir fólks sem lítur á það sem eðlilegan hlut að vera á atvinnuleysisbótum eða á framfærslu sveitafélaga. Við verðum að snúa þessu við, helst í gær. Það er ekkert eðlilegt við það heldur mjög óheilbriggt. Fólkið vill ekki vera í þessari stöðu en á meðan ekkert gerist verður þetta víthringur sem erfitt er að losna út úr.

Á eftir hæð kemur lægð

Þá nefnir Linda að skattaálgur séu allt of miklar í landinu, þær breytingar sem voru gerðar á skattkerfinu hafi sérstaklega lent harkalega á millitekjuhópnum. „Þegar góðærið var lækkuðu yfirvöld skatta í stað þess að hækka, þótt allir viti að á eftir hæð kemur lægð. Þegar vel gengur þarf að búa

í haginn fyrir það sem koma skal. Stórir hópar fólks höguðu sér óskynsamlega og eyddu um efni fram í þessu svokallaða „góðæri“ nema kannski þeir sem voru með lægstu tekjurnar, þeir hafa aldrei haft efni á að haga sér óskynsamlega og hafa orðið að sýna ráðdeild. Hinir sitja í skulda- og skattasúpunni“.

Þegar Linda er spurð um sameiningu stéttarfélaganna og stærri einingar segir hún mest um vert að verkafólk standi saman. „Ég er í grunninn hlynnt sameiningu stéttarfélaganna en það skiptir máli með hvaða hætti það er gert. Hér í Hafnarfirði þarf að vera starfsstöð stéttarfélaganna. Þjónustan við félagsmenn verður að vera í þeirra nærumhverfi og þar sem þeim líður vel, stéttarfélagin eru ekkert annað en fólkið sem í þeim er. Við vinnum auðvitað mikið með öðrum félögum og félagssvæðin eru samfléttuð og má í því samhengi nefna Hlíf, Eflingu og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur sem hafa unnið mikið saman undir heitinu Flóabandalagið og hefur það samstarf gengið afar vel.

HÓPBÍLAR

www.hopbilar.is



Ný íslensk neysluviðmið

Velferðarráðherra kynnti nýverið skýrslu um íslensk neysluviðmið sem unnin eru af sérfræðingahópi á vegum ráðuneytisins. Umræðan um neysluviðmið er ekki ný og hefur á undanförunum árum reglulega verið rætt um nauðsyn þess að til væru slík viðmið fyrir Ísland. Neysluviðmið hafa lengi verið til í nágrannalöndunum en tilgangur þeirra og tilurð er nokkuð misjafn þó segja megji að þau séu öll sett fram í þeim tilgangi að lýsa neyslupörf heimila út frá mismunandi forsendum. Í ávarpi velferðarráðherra við birtingu íslensku neysluviðmiðanna kom fram að tilgangur þeirra sé fyrst og fremst að veita heimilunum stuðning við áætlun um eigin útgjöld, þau nýtist við fjárhagsráðgjöf og lánveitingar en geti jafnframt nýst við ákvarðanir um útgjaldapörf og til að nálgat viðmið um lágmarksframfærslu í landinu.

Í grundvallaratriðum má byggja neysluviðmið á tveimur mismunandi aðferðum. Annars vegar s.k. sérfræðingaleið, þar sem hópur „sérfræðinga“ metur hvað teljist hóf-

leg neysla fyrir ákveðna fjölskyldugerð og hins vegar s.k. útgjaldaaðferð sem notuð er við gerð íslensku neysluviðmiðanna en þar er stuðst við upplýsingar um raunveruleg útgjöld heimila hér á landi sem fengnar eru úr útgjaldarannsókn Hagstofu Íslands. Hin nýju íslensku viðmið byggja því í grunninn ekki á mati á því hvað sé nauðsynleg eða hófleg neysla heldur lýsa því frekar hvernig neysla heimilanna er í reynd.

Í skýrslu velferðarráðherra eru kynnt þrennskonar neysluviðmið; dæmigerð viðmið, skammtímaviðmið og grunnviðmið. Útgjöldum heimila er skipt upp í 15 útgjaldaflokkum sem mis mikið tillit er tekið til í viðmiðunum þremur.


Dæmigerða neysluviðmiðið lýsir neyslu dæmigerðs heimilis út frá miðgildi raunverulegra neysluútgjalda í öllum 15 útgjaldaflokkunum. Þetta þýðir að 50% heimila hér á landi neyta minna og 50% heimila neyta meira en þetta viðmið segir til um. Þessu viðmiði er ætlað að vera leiðbeinandi um hver útgjöld fjölskyldu eru

miðað við hóflega neyslu.

Skammtíma neysluviðmið, sem á að lýsa neyslu sem unnt er að búa við til skamms tíma, eru byggð á sömu forsendum og dæmigerðu viðmiðin en gert er ráð fyrir að dregið sér úr neyslu auk þess sem ákveðnum útgjaldaliðum er frestað í allt

Á heimasíðu velferðarráðuneytisins er að finna reiknivél þar sem hægt er að skoða hin nýju neysluviðmið fyrir mismunandi fjölskyldugerðir.

að níu mánuði. Dregið er úr útgjöldum í öllum útgjaldaflokkum, nema dagvöru, lyfjum og heilbrigðisþjónustu, menntun og dagvist þar sem gert er ráð fyrir sömu útgjöldum og í dæmigerða viðmiðinu. Kostnaður vegna húsnæðis er hinn sami



og í dæmigerða viðmiðinu þar sem ekki er gert ráð fyrir að unnt sé að draga úr honum með skömmum fyrirvara en dregið er úr kostnaði vegna viðhalds á húsnæði og ferðakostnaði.

Grunnneysluviðmið á að gefa vísbendingu um hver lágmarksútgjöld eru og þar er öllum útgjaldaflokkum sem ekki teljast til nauðpurfta sleppt auk þess sem kostnaður vegna húsnæðis, sem er afar breytilegur eftir heimilum, er undanskilinn. Útgjöld vegna dagvara, lyfja og heilbrigðisþjónustu, menntunar og dagvistar eru hin sömu og í dæmigerða viðmiðinu en dregið er úr neyslu í öðrum flokkum og einungis gert ráð fyrir að notaðar séu almennings-samgöngur.

Reiknaðu útgjöldin þín

Á heimasíðu velferðarráðuneytisins er að finna reiknivél þar sem hægt er að skoða hin nýju neysluviðmið fyrir mismunandi fjölskyldugerðir.

Talsvert hefur verið rætt um nauðsyn þess að setja fram neysluviðmið í tengslum við umræðu um fátækt og vaxandi fjárhagsvanda heimila. Mat á framfærslupörf er að stórum hluta huglægt og persónulegt mat

hvers og eins, sem seint verður hægt að finna algilda mælikvarða fyrir og neysluviðmið sem þessi munu ein og sér ekki leysa þann vanda sem við er að etja. Spurningin sem við blasir er hins vegar sú hvernig við sem samfélag getum tryggt að allir íbúar þessa lands búi við mannsæmandi kjör og geti tekið virkan þátt í leik og starfi. Nú þegar eru ýmsir opinberir aðilar sem skilgreina neyslu- eða tekjupörf ákveðinna hópa byggt á mismunandi forsendum og

enn er óljóst hvernig stjórnvöld hyggjast nýta hin nýju neysluviðmið í stefnumótun sinni og ákvarðanatöku í framtíðinni. En ljóst er að viðfangsefnið er flókið og margþætt og neysluviðmiðin leysa hvorki stjórnámálamenn né okkur sem samfélag undan því að ræða það og taka ábyrgð á því hvernig við skiptum þjóðarkökunni og tryggjum almenna velferð.

Útgjaldaflokkur	Dæmigert	Skammtíma	Grunnviðmið
Matur, drykkjarvörur og aðrar dagvörur	112.032	112.032	112.032
Föt og skór	32.073	3.207	22.876
Heimilisbúnaður	13.951	1.395	1.395
Raftæki og viðhald raftækja	8.996	900	900
Lyf, lækningavörur og heilbrigðisþjón.	16.339	16.339	16.339
Sími og fjarskipti	17.726	14.535	14.535
Menntun og dagvistun	40.728	40.728	40.728
Veitingar	27.891	-	-
Önnur þjónusta fyrir heimili	13.656	10.242	10.242
Tómstundir og afþreying	86.052	31.888	44.920
Ökutæki og almennings-samgöngur	110.888	99.694	22.400
Annar ferðakostnaður	11.018	-	-
Samtals án húsnæðiskostnaðar	491.350	330.960	286.367
Húsaleiga / reiknuð leiga (kostnaður v. eigin húsnæðis)	102.956	102.956	-
Viðhaldskostnaður húsnæðis	10.752	1.075	-
Rafmagn og hiti	12.553	12.553	-
Samtals m. húsnæðiskostnaði	617.611	447.544	



Guðrún Ólafsdóttir (til hægri) ásamt Hlíf Ingibjartsdóttur sem hélt fyrirlestur um atvinnumál í Deigluinni nýverið

Deiglan er flott félagsmiðstöð

Deiglan nefnist miðstöð fólks í atvinnuleit og er miðstöðin samstarfsverkefni Rauða krossins í Hafnarfirði og Hafnarfjarðarbæjar í Rauðakrosshúsinu Strandgötu 24.

Deiglan hefur verið starftækt um tveggja ára skeið og í tæpt ár hefur Guðrún Ólafsdóttir veitt miðstöðinni forstöðu í hálfu starfi. Guðrún er viðskiptafræðingur og kjólameistari að mennt, lauk viðskiptafræðinni fyrir rúmum þremur árum en starfaði lengi sem forstöðukona á saumastofu Öryrkjabandalagsins og var síðan með eigin saumastofu í nokkur ár auk fleiri starfa. Að sögn Guðrúnar hefur Deiglan sannað

hráefni. Það eru frístundamálarar í Hafnarfirði sem hafa tekið að sér að leiðbeina í myndlistinni og allt er þetta gert í sjálfboðavinnu að sögn Guðrúnar. Þrjú hafnfirskir myndlistarmenn, þau Svava K. Egilsson, Soffía Sæmundsdóttir og Pétur Gautur, ætla t.d. að bjóða hópnum á vinnustofur sínar í marsmánuði. Handverkshópurinn kemur saman eftir hádegi og þá er þrjónað, heklað, saumað og ull þæfð svo eitthvað sé nefnt. „Okkur finnst gaman að prófa okkur áfram í þæfingunni og fyrir jólin var haldin sölusýning á myndlist og handverki“, segir Guðrún.

Þá verða umræður oft fjöruugar. Spjallað er um landsmálin og það sem er efst á baugi hverju sinni og oft fengnir fyrirlesarar. „Þetta er svona þjóðmálaspjall, við ræðum um það sem er að gerast í landinu og hérna í Hafnarfirði.“

Í hádeginu kemur matarlistarhópurinn saman og Guðrún segir þann hóp hafa verið að kynna mat frá ýmsum löndum.

Skiptir miklu að hafa dagskrá

Starfsemi Deigluinnar er að sögn Guðrúnar afar þakklátt starf. „Þetta er líka skemmtilegt enda er fólkið tilbúið að vera með manni í því að móta starfseminna. Sumir sem koma eru búnir að vera atvinnulausir lengi, þeir ætluðu kannski bara að vera heima á meðan þetta gengi yfir en síðan þegar sá tími fer að verða lengri þá kemur þessi þörf að vera innan um fólk og gera eitthvað skemmtilegt.“ Og Guðrún hvetur alla til að drífa sig af stað. „Það skiptir okkur öll máli að vera hluti af hóp og það er svo mikilvægt að maður hafi stað til að mæta á og dagskrá. Hópar Deigluinnar eru tilvaldir til þess. Við hugsum þetta í stundatöfluformi og stundataflan tekur alltaf mið af því hvað fólk hefur áhuga á og hvað okkur er boðið uppá.“

Nú mæta hátt í 85 manns í viku hverri á alls konar spennandi námskeið og hópastarf

gildi sitt með stöðugri aukningu heimsóknna en nú mæta hátt í 85 manns í viku hverri á alls konar spennandi námskeið og hópastarf. Það er opið þrjá daga í viku, á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum frá 10-14 og þá daga er lífligt í Rauðakrosshúsinu.

Myndlist og hannyrðir

Á mánudögum hittist myndlistar- og hannyrðahópur og kemur hver og einn með sitt

Göngurölt og menningarhópur

Á miðvikudögum er svokallað göngurölt en þá er gengið um Hafnarfjörð og oft myndast skemmtilegar umræður um arkitektúr og sögu Hafnarfjarðar. Eftir hádegi hittist menningarhópurinn en sá hópur fer t.a.m. í heimsóknir á söfn og á sýningar auk þess að vera með leshring og bók mánaðarins í samstarfi við Bókasafnið. Á vormánuðum verður svo leiðbeint um skapandi skrif svo eitthvað sé nefnt.

Þjóðamálahópur og matarlist

Á föstudögum hittist þjóðamálahópurinn og

Ný vinnubrögð



Pann 15. ágúst 2010 tók gildi samkomulag **ASÍ** og **SA** um vinnustaðaskírteini og eftirlit á vinnustöðum.

Markmið samkomulagsins er að tryggja að allir atvinnurekendur og starfsmenn þeirra fari að gildandi lögum, reglugerðum og kjarasamningum.

Það er mikilvægt að fyrirtæki sitji við sama borð og fari öll að leikreglum en vinnustaðaskírteinum er m.a. ætlað að vinna gegn svartri atvinnustarfsemi og undirboðum.

Samkomulagið nær til starfsmanna og fyrirtækja í byggingastarfsemi og mannvirkjagerð sem og rekstri gististaða og veitingahúsa. Atvinnurekendum í hlutaðeigandi greinum ber að sjá til þess að starfsmenn þeirra beri vinnustaðaskírteini.

Næstu þrjú mánuði munu eftirlitsfulltrúar veita atvinnurekendum sem samkomulagið nær til leiðbeiningar um innleiðingu vinnustaðaskírteina. SA og ASÍ hvetja atvinnurekendur til að bregðast skjótt við og stuðla að heilbrigðu starfsumhverfi á íslenskum vinnumarkaði.

Allar nánari upplýsingar á www.skirteini.is



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Alþýðusamband Íslands





Orlofshús Hlífar

Nú er rétti tíminn til að huga að orlofi sumarsins. Félagið á 8 sumarhús og 3 íbúðir til útleigu fyrir félagsmenn yfir sumartímann og yfir páska. Leigutími er vika í senn frá föstudegi til föstudags. Umsóknarfrestur fyrir páskaviku rennur út 30. mars en hægt er að sækja um úthlutun fyrir sumarið til og með 6. apríl.

Að þessu sinni telst páskavikan vera frá 20. til 27 apríl en sumartímabilið er frá 15. maí-15. september.

Leiguverð fyrir vikuna er kr. 15.000

Ekki er hægt að sækja um rafrænt en umsóknareyðublað er að finna undir flípanum orlofshús á www.hlif.is. Prenta þarf eyðublaðið út og koma því á Skrifstofu félagsins að Reykjavíkurvegi 64. Nánari upplýsingar í síma 510-0800.

Orlofshúsin eru einnig flest leigð út til félagsmanna yfir vetrartímann.

ORLOFSHÚS / ÍBÚÐIR ERU Á EFTIRTÖLDUM STÖÐUM

Ölfusborgir, hús nr. 17 og 35 - með heitum potti

Furulundur 8C, 10N og 10R, Akureyri

Kjarrbraut 8 og 10, Vaðnesi í Grímsneshreppi - með heitum potti

Stórarjódur 8, Húsafelli - með heitum potti

Kolás 12 Munaðarnesi í Borgarfirði - með heitum potti

Kolás 12a Munaðarnesi í Borgarfirði - með heitum potti

Einarsstaðir hús nr. 5, við Egilsstaði. Leigutími frá 11. júní til 20. ágúst

ÖLFUSBORGIR

Hús númer 17 og 35

Svefnaðstaða er fyrir 6 manns og eru sængur og koddar fyrir jafn marga.

Gestum ber að koma með rúmföt, en bent skal á að hægt er að fá leigð rúmföt í þjónustumiðstöð.

Í húsunum er sjónvarp, dvd- tæki, steríógræjur með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12, örbylgjuofn og eldavél. Barnarúm og barnastóll er í húsunum og bækur og spil til afþreyingar. Gasgrill er við húsin og heitur pottur.

Húsin hafa verið stækkuð með garðskála sem er góð viðbót.

Stutt er í sund og verslanir í Hveragerði og á Selfossi.

Afhending lykla er í þjónustumiðstöð Ölfusborga

Föstudaga frá 15:00 - 21:00.

Sími 483 4260.

Yfirgefa þarf húsin á brottfaradegi eigi síðar en kl: 12:00



VAÐNES

Kjarrbraut 8 og 10

Svefnaðstaða er fyrir 7 manns og eru sængur og koddar fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt.

Í húsunum er sjónvarp, dvd- tæki, steríóg-ræjur með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12, örbylgjuofn og eldavél. Barnarúm og barnastóll er í húsunum og bækur og spil til afþreyingar. Hlaðið kolagrill er við húsni og heitur pottur.

Lykill afhendist á skrifstofu Vlf. Hlífar og skilist þangað að dvöl lokinni.

Hús númer 8. er með aðgengi fyrir hjóla-stóla.



HÚSAFELL

Stórarjóðri 8

Svefnaðstaða er fyrir 7 manns og eru sængur og koddar fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt.

Í húsini er sjónvarp, dvd- tæki, steríóg-ræjur með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12, örbylgjuofn og eldavél. Barnarúm og barnastóll er í húsunum og bækur og spil til afþreyingar. Hlaðið kolagrill er við húsnið og heitur pottur.

Lykill afhendist á skrifstofu Vlf. Hlífar og skilist þangað að dvöl lokinni.

Húsafell býður upp á:

Sundlaug með heitum pottum. 9 holu mínigolfvöll. Veiðileyfi. (Ath. greiða þarf sér fyrir afnot.) Verslun er á staðnum. Stutt er í Reykholt.





MUNAÐARNES, BORGARFIRÐI

Kolás 12

Svefnaðstaða er fyrir 7 manns í þremur herbergjum. Einnig er svefnloft yfir hálfu húsinu, þar sem þó nokkrir geta sofði.

Sængur og koddar eru fyrir 7. Gestum ber að koma með rúmföt.

Í húsinu er sjónvarp, dvd- tæki, steriógræjur með geislaspilara, borðbúnaður fyrir 12, örbylgjuofn og eldavél. Lítil ísskápur er húsinu eins og er. Einnig er barnarúm og barnastóll í húsinu og bækur og spil til afþreyingar. Gasgrill.

Lykill afhendist á skrifstofu Vlf. Hlífar og skilist þangað að dvöl lokinni.

Kolás 12 A

Nýjasta orlofshúsið var fullgert fyrir sumarið 2010. Svefnaðstaða er fyrir 7 manns í þremur herbergjum. Sængur og koddar eru fyrir 8. Gestum ber að koma með rúmföt. Í húsinu er sjónvarp, geislaspilari og dvd- tæki, borðbúnaður fyrir 12, örbylgjuofn og eldavél. Einnig er barnarúm og barnastóll í húsinu og bækur og spil til afþreyingar. Gasgrill.

Lykill afhendist á skrifstofu Hlífar og skilist þangað að dvöl lokinni.



Til sölu á skrifstofu Hlífar á góðum afslætti

Miðar í Hvalfjarðargöngin

Félagsmenn geta keypt afsláttarmiða í Hvalfjarðargöngin á skrifstofu Hlífar, og kostar hver miði kr. 500,- og sparast því kr. 400,- á hverri ferð. Ekki er hægt að versla fleiri en 6 miða í einu.

Athugið að ef verið er með aftanivagn

s.s. tjaldvagn eða fellihýsi þá eru greiddar kr. 200,- aukalega.

Útilegukortið 2011 er til sölu fyrir félagsmenn á skrifstofu Hlífar og kostar það kr. 8.000,-. Venjulegt verð er kr. 13.900,-

Veidikortið 2011 er einnig til sölu fyrir

félagsmenn á skrifstofunni og kostar það kr. 3.000,-.

Venjulegt verð er kr. 6.000,-

Ef smellt er á www.utilegukortid.is er hægt að skoða þá möguleika sem útilegukortið og veiðikortið bjóða uppá.



AKUREYRI

Furulundur 8C, 10N og 10R

3. herb íbúðir með svefnaðstöðu fyrir 4, ásamt sængum og koddum fyrir jafn marga. Gestum ber að koma með rúmföt en bent er á að hægt er að fá rúmföt leigð hjá Securitas.

Íbúðin nr. 8C er á annari hæð með þvottavél á baðherbergi.

Íbúðirnar nr. 10R og 10N eru á jarðhæð með verönd og hægt er að ganga beint út í garð. Þvottavél er í sameign.

Barnarúm er í öllum íbúðunum, geymd í geymslu eða í íbúðunum auk þess eru ferðarúm í hverri íbúð.

Í íbúðunum er sjónvarp, dvd- tæki steriógræjur með geislaspilara, eldavél og örbylgjuofn. Kolagrill er á svölum eða í geymslu.

Umsjón með íbúðunum hefur Securitas-Akureyri ehf. Tryggvabraut 10.

Sími 460 6261.

Lykill afhendist þar og skilist þangað að lokinni dvöl.



EINARSSTAÐIR

Félagið er með eitt orlofshús á Einarstöðum. Húsið er 45 fermetrar, með þremur svefnherbergjum og eru rúmstæði fyrir 8 manns. Tvíbreitt rúm með koju í tveimur herbergjum og tvær kojur í einu herbergi. Borðbúnaður er fyrir tíu manns. Í húsinu er örbylgjuofn, sjónvarp, útvarp, dvd- tæki og kolagrill. Þá er hægt að fá lánað barnarúm, barnastóla og aukadýnur hjá umsjónarmanni.

Einarsstaðir eru staðsettir um 11 km. frá Egilsstöðum, svo að segja mitt á milli Egilsstaða og Hallormsstaða. Aðsetur umsjónarmanns er í húsi nr. 32 á orlofssvæðinu. Símanúmer hjá umsjónarmanni er 861-8310 og 471-1734.

Leigutímabilið er frá 10. júní til og með 19. ágúst.

Skila á húsunum eigi síðar en kl. 12:00 á brottfarardegi.

Dýrahald er bannað í öllum húsum/íbúðum félagsins.

Skila á húsum/íbúðum vel ræstum og hreinum að dvöl lokinni.

Leiguverð orlofshúsa/íbúða

Vikuleiga er frá föstudegi til föstudags kr. 15.000

Helgarleiga frá föstudegi til sunnudags kr. 10.000

Eldri borgarar og öryrkjar frá mánudegi til föstudags kr. 5.000

Þeir sem farnir eru af vinnumarkaði vegna aldurs eða örorku og voru félagsmenn í Hlíf fram að þeim tíma greiða sem nemur 50% af helgarleiguverði frá mánudegi til föstudags yfir vetrartímann.



Allar nánari upplýsingar á skrifstofu Hlífar í síma 5100 800 og á www.hlif.is



Trúnaðarmaður í 18 ár

Guðbjörg Skúladóttir, félags- og sjúkraliði á öldrunarheimilinu Sólvangi hefur gegnt stöðu trúnaðarmanns á fjórðu hæð vinnustaðarins í 18 ár. Hún hóf störf á Sólvangi árið 1990 og hefur á þessum árum merkt miklar breytingar í aðbúnaði og þjónustu við elstu og oft veikustu borgarana. Þegar Guðbjörg hóf störf var algengast að

„Maður fylgist með því að það sé farið rétt að hlutunum og að breytingar á vinnustöðum séu gerðar samkvæmt samningum“

það væru fjórir um hvert herbergi en nú er algengast að það séu tveir í sama herbergi. „Þetta þóttu miklar framfarir, fyrst að það væru þrír um herbergi og síðan tveir“, segir hún. Guðbjörg er ánægð með vinnustaðinn, segir þær margar konurnar sem hafi unnið lengi saman en nefnir líka að á samdráttartímum sé ekki ráðið inn í þær stöður sem losni og því sé álag að aukast. „Við erum farnar að finna fyrir fækkuninni núna.“ Og hún hefur áhyggjur af framhaldinu: „Ég vil

meina að við eigum mjög gott heilbrigðiskerfi í dag en hvað verður veit maður ekki og mér finnst að menn verði að fara varlega í sameiningar því það tekur afar langan tíma að ná fram sparnaði með því að sameina stofnanir.“

Auk þess að vera trúnaðarmaður situr Guðbjörg í stjórn Hlífar. Hún er ánægð með félagið og segir að þar sé fólk frjálst að hafa sínar skoðanir og að allir geti haft eitthvað um málin að segja. En í hverju felst það að vera trúnaðarmaður verkalýðsfélags? „Maður fylgist með því að það sé farið rétt að hlutunum og að breytingar á vinnustöðum séu gerðar samkvæmt samningum. Það þarf stundum að aðstoða fólk í því sem snýr að réttindum þess. Það hafa nú ekki komið upp nein stórmál en það er einna helst að passa uppá að löglegur fyrirvari á breytingum sé virtur og þess háttar.“

Guðbjörg fylgist vel með umræðum um kjaramál og þeim kjaraviðræðum sem eru í gangi. Hún heldur samstarfsmönnum upplýstum en segir að kjaraviðræður séu nú ekki aðalumræðuefnið. „Við tölum ekkert mikið um þessi mál en auðvitað þegar eitthvað er að gerast. En mér líst illa á þetta núna,

það gengur mjög hægt í kjaraviðræðunum. Fólk verður að fá einhverja hækkun enda ná endar ekki saman hjá fólki.“

Hlutverk trúnaðarmanns

Hlutverk trúnaðarmanns samkvæmt 9. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 er að gæta þess að gerðir samningar séu haldnir af atvinnurekanda og fulltrúum hans og að ekki sé gengið á félagslegan eða borgaralegan rétt verkamanna.

Trúnaðarmönnum ber að vinna að bættum kjörum vinnufélaga sinna, jafnframt því sem þeir eru talsmenn atvinnuöryggis, félagslegs öryggis, skynsamlegra stjórnarháttanna á vinnustöðum og eru samráðsaðilar vegna breytinga á vinnustöðum.

Trúnaðarmaður er einnig fulltrúi stéttarfélagsins á vinnustaðnum og sem slíkur er hann tengiliður félagsins og starfsmannanna.

Verkamenn skulu snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar og trúnaðarmanni ber að sinna þeim þegar í stað. Honum er, í samráði við verkstjóra, heimilt að verja eftir því sem þörf krefur tíma til trúnaðarmannstarfa og skulu laun ekki skerðast af þeim sökum.



620 ný ársverk í Straumsvík

Á næstu árum mun Rio Tinto Alcan fjárfesta fyrir 57 milljarða króna í álverinu í Straumsvík.

Ráðist hefur verið í tvö stór verkefni. Straumhækkun mun auka afköst kerskálanna og skapa 360 ný störf þegar framkvæmdir standa sem hæst á þessu ári. Breytingar á steypuskála auka verðmæti framleiðslunnar og skapa um 150 ný störf á árinu.

Samanlagt kalla þessi verkefni á 620 ný ársverk á Íslandi.

Rio Tinto Alcan

Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður


Sími 560 7000

www.riotintoalcan.is

Rio Tinto Alcan

Lífeyris- sjóðurinn þinn

Lifðu vel og lengi



Upplýsingarit um lífeyrismál

Opinberir starfsmenn hafa alla tíð búið við umtalsvert betri lífeyrisréttindi en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. Þá eru lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna tryggð úr sameiginlegum sjóðum landsmanna óháð ávöxtun lífeyrissjóðsins á hverjum tíma. Óréttlætið sem í þessu felst endurspegladist vel í kjölfar fjármálahrunsins þegar lífeyrissjóðir almenns launafólks þurftu að skerða réttindi lífeyrisþega sinna umtalsvert til að rétta stöðu sjóðanna á sama tíma og réttindi opinberra starfsmanna, sem tryggð eru með skattfé, standa óhöggð.

Krafan um að lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði verði jöfnuð á við lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna hefur verið baráttumál verkalýðshreyfingarinnar í áratugi.

Við þetta óréttlæti verður ekki búið og því gerir ASÍ þá kröfu á stjórnvöld í yfirstandandi kjarasamningum að tryggð verði framlög úr ríkissjóði á næstu árum til að leiðrétta þann mun á lífeyrisréttindum landsmanna sem þessi mismunur veldur.

Félagsvísindastofnun Háskólans gerði skoðanakönnunina fyrir Alþýðusamband Íslands. Úrtakið var 1200 manna slembiúrtak úr þjóðskrá, 18 ára og eldri. Könnunin var gerð í gegnum síma dagana 5.-16. febrúar 2011. Nettósvarhlutfall var 62,9%.

Sjá nánar á www.asi.is

Flestir telja mikilvægt að jafna lífeyrisréttindi

Í nýrri skoðanakönnun sem félagsvísindastofnun HÍ gerði fyrir ASÍ kemur fram að 90% þeirra sem taka afstöðu finnst mikilvægt að ASÍ leggi áherslu á að jafna lífeyrisréttindi launafólks á almennum og opinberum markaði.

Jöfnun lífeyrisréttinda allra landsmanna er ein þeirra meginkrafna sem samninganefnd Alþýðusambandsins hefur sett fram í yfirstandandi kjaraviðræðum. Krafan um að lífeyrisréttindi launafólks á almennum vinnumarkaði verði jöfnuð á við lífeyrisréttindi opinberra starfsmanna er langt frá því að vera ný og hefur raunar verið baráttumál verkalýðshreyfingarinnar í áratugi. Skoðanakönnunin sem unnin var nú í febrúar sýnir að landsmenn eru sammála ASÍ í málinu.

Punktur úr sögunni

Árið 1962 skoraði HÍlf á ASÍ, að hafa forgöngu um að stofna samband allra félaga verkamanna og verkakvenna innan þess, það var svo í maí 1964 sem Verka-

mannasambandið var stofnað. Í kjölfar þess, árið 1965, var svo samið um að vinnuvikan skyldi stytta úr 48 stundum á viku í 44 stundir.

**Allt viðhald
fasteigna**

**TRÉSMÍÐJAN
OKKAR EHF.**

**Reykjavíkurvegi 64,
Hafnarfirði, s: 8944024**



Starfsafl hlaut Starfsmenntaverðlaunin

Fimmtudaginn 9. desember 2010 hlaut Starfsafl Starfsmenntaverðlaunin sem Forseti Íslands afhenti við hátíðlega athöfn. Er þetta eins og gefur að skilja mikil hvatning til þeirra er eiga aðild að Starfsafl, þ.e. Verkalýðsfélagasins Hlífar í Hafnarfirði, Eflingar-stéttarfélag, Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis og Samtaka atvinnulífsins. Hlotnuðust verðlaunin í flokki félagasamtaka og einstaklinga fyrir verkefnið „Fræðslustjóri að láni“. Starfsmenntaverðlaunin eru veitt þeim aðilum sem vinna að framúrskarandi verkefnum í fræðslumálum og starfsmenntun, og eru þau veitt í þremur flokkum: Flokki fyrirtækja, flokki skóla og fræðsluaðila og flokki félagasamtaka og einstaklinga.

Auk þeirra verðlauna sem Starfsafl hlotnuðust voru veitt þrenn verðlaun. Reykjavíkurborg var verðlaunuð fyrir „Íslenskuskólann“ sem nær 200 af rúmlega

„Aðilar vinnumarkaðarins á Íslandi hafa borið gæfu, áræði og metnað til að taka höndum saman í fræðslumálum vinnandi fólks.“

700 starfsmönnum borgarinnar sem eru erlendir að uppruna hafa sótt. Landbúnaðarháskóli Íslands og endurmenntunardeild

hans fengu verðlaun fyrir „Grænni skóga“ sem er yfirgripsmikið nám í skógrækt sem boðið er í öllum landshlutum.

Við afhendingu verðlaunanna kom m.a. fram í máli Sveins Aðalsteinssonar framkvæmdastjóra Starfsafls: „Aðilar vinnumarkaðarins á Íslandi hafa borið gæfu, áræði og metnað til að taka höndum saman í fræðslumálum vinnandi fólks. Við erum öfunduð af þessari samvinnu erlendis en hún er engan veginn fyrirfram sjálfgefin. Án þessarar samvinnu værum við mikið fátækari að lausnum. Við þurfum lausnir af hvers kyns tagi í okkar erfiða árferði. Með samvinnu aðila vinnumarkaðarins í farteskinu getum við horft með óbilandi bjartsýni fram á veginn.“

gerum góðan
móral betri

Við erum snillingar í skipulagningu alls konar hópferða s.s. starfsmannaferða, óvissuferða, gæsa- og steggjaferða, útskrifarferða úr skólum og hvað eina þar sem skemmtun og samheldni hópsins er málið!



ovissuferdir.is

Óvissa ehf. www.ovissuferdir.is Melabraut 18, 220 Hafnarfjörður Sími 599 6030



Fræðslusjóðirnir 10 ára

Afmælisráðstefna

Fræðslusjóðir Starfsafls, sem Verkalýðsfélagið Hlíf er aðili að, og Landsmennt eru 10 ára um þessar mundir. Sjóðirnir hafa unnið þarft og mikið verk og því ástæða til að fagna þessum tímamótum og horfa til framtíðar. Efnt verður til stuttrar ráðstefnu á Hótel Sögu þann 17. mars nk. þar sem bæði verður litið til aðdraganda stofnunar sjóðanna og til framtíðar er varðar hlutverk og stefnu þeirra.

Fræðslusjóðirnir hafa sannað gildi sitt, enda höfðu almennir launamenn ekki sérstaka fræðslusjóði áður, og hefur reynslan sýnt að þörfin var brýn. „Við erum með gott og sveigjanlegt kerfi í höndunum sem aðilar vinnumarkaðarins hafa komið á fót og við erum öfunduð af þessu kerfi í nágrannalöndum okkar“ sagði Sveinn Aðalsteinsson framkvæmdastjóri Starfsafls í viðtali við Hjálmu.

Síðustu tvö ár hefur verið slegið met í úthlutun styrkja Starfsafls til einstaklinga sem er mjög ánægjulegt. „Ef einhvern tímann

hefur verið þörf á aðstoð þá er það núna“ segir Sveinn og bendir á að á afmælisráðstefnunni verði greinargott yfirlit yfir það sem í boði er í fræðslumálum. „Þarna verða líka stuttar reynslusögur frá bæði atvinnurekendum og starfsmönnum sem hafa nýtt sér reynslu sjóðanna. Þetta verða stutt og lifandi erindi“.

Hvað stendur upp úr eftir 10 ár að mati Sveins? „Hlutverk sjóðanna er þrjúþætt, aðstoð við félagsmenn í námi, aðstoð við fyrirtæki til að halda námskeið fyrir almenna starfsmenn og svo nýsköpun. Nýsköpun í námi hefur verið umfangsmikil m.a. í formi nýrra námsleiða fyrir almenna starfsmenn. Þar má nefna t.d. nám fyrir starfsmenn í matvælavinnslu, í samstarfi við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og fjölmarga aðra aðila. Þá má nefna verkefnið „Fræðslustjóri að láni til fyrirtækja“, sem við fengum Starfsmenntaverðlaunin 2010 fyrir, og sem skilað hefur frábærum árangri. Sjóðirnir í heild sinni og stofnun þeirra er stórmerki-

legt framtak aðila vinnumarkaðarins og því viljum við blása í lúðra í tilefni afmælisins“ segir Sveinn að lokum.

Fræðslusjóðirnir eru fjármagnaðir með sérstöku starfsmenntagjaldi sem atvinnurekandi greiðir vegna hvers starfsmanns í stéttarfélagunum sem eiga aðild að sjóðunum. Í tilviki Starfsafls eru það Flóafélagin: Efling stéttarfélag, Hlíf í Hafnarfirði og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis.

Nánar á www.starfsafl.is og á bls. 4

Styrkir úr Sjúkrasjóði

Skilyrði fyrir styrk úr Sjúkrasjóði er að viðkomandi hafi verið greiddandi í félagið síðastliðna 6 mánuði samfelld. 1% félagsgjald af umsömdum lágmarks-launum á hverjum tíma jafngildir fullu starfi (100%).

Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hluta-störfum. Styrkir eru veittir einu sinni á hverjum tólf mánuðum nema annað sé tekið fram í bótaflokki.

Kynntu þér reglur um styrki úr Sjúkrasjóði sem samþykktar voru 1. febrúar sl. á vef Hlífar www.hlif.is eða á Skrifstofu félagsins.



Vissir þú...

...að í upphafi tuttugustu aldar höfðu verkamenn engan fastan matartíma. „Urðu þeir, eins og það er orðað í einni heimild,“ að stelast til að rífa í sig matinn undir pakkhúsveggjunum og á bryggjunum eins og hungraðar skepnur eða síðlausir mansmenn.“

(Ólafur Þ. Kristjánsson: Hlíf 100 ára 1907-2007, bls. 11)

... að vorið 1947 fór verkamannafélagið Dagsbrún í verkfall. Verkamannafélagið Hlíf samþykkti í framhaldinu verkban á allar vörur og vöruflutningatæki til stuðnings og samstöðu með verkfalli Dagsbrúnar. Kærði Vinnuveitendafélag Íslands, Hlíf fyrir félagsdómi enda töldu þeir verkbaninn ólöglegt. Hlíf var hins vegar sýknað og var sá dómur mjög mikilvægur fyrir verkalýðshreyfinguna. (Ólafur Þ. Kristjánsson: Hlíf 100 ára 1907-2007, bls. 46)

Draumur í dós!

Fyrir hverja dós eða flösku sem þú kemur með á Gámavelli færðu **14 krónur?**



Staðsetning Gámavalla:
BergHELLU gengur suður úr HringHELLU, rétt vestan Krýsuvíkurvegar.

Hafnafirðingar og nágarnnar!

Við viljum minna ykkur á Gámavelli, móttökustöð Gámaþjónustunnar við BergHELLU í Hafnafirði.

Tekið er á móti öllum skilagjaldsskyldum umbúðum upp að 1000 stk. Þarf að vera flokkað og talið. Safnast þegar saman kemur.

Á Gámavöllum er einnig hægt að losa sig við annað sem til fellur við tiltekt, t.d. í geymslunni eða bílskúrnum.

OPNUNARTÍMI

08.00–18.00 mánud.–föstud.
08.00–16.00 laugardaga
Lokað sunnudaga



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMhverfi - BETRI FRAMTÍÐ

BergHELLU 1 • 221 Hafnafirður • Sími: 565 8229 • gamar@gamar.is • www.gamar.is



Flóamennt

Úthlutunarreglur einstaklingsstyrkja hjá Flóamennt

Þróunar og símenntunarsjóður Eflingar/Hlífar/Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og ríkisins/ endurhæfingarmiðstöðva/ dvalar- og hjúkrunarheimila og ríkisins ásamt hjúkrunarheimilum.

Sjóðnum er ætlað að styrkja félagsmenn Hlífar, Eflingar-stéttarfélags og VSFK við að sækja sér menntun sem í boði er á almennum fræðslumarkaði.

1. Félagsmaður sem unnið hefur í a.m.k. 6 mánuði af síðustu 12 og greitt félagsgjöld á þeim tíma, á rétt á stuðningi til símenntunar/starfsnáms. Greitt er hlutfallslega fyrir fólk í hlutastörfum.
2. Við ákvörðun upphæðar styrkja er miðað við greidd félagsgjöld síðustu 12 mánaða. Félagsgjald af lágmarkslaunum í 100% starfi eða hærra gefur fulla styrkuppþæð. Fylla þarf út umsóknareyðublað og skila frumriti reiknings til Eflingar – stéttarfélags.
3. Áunnin réttindi félagsmanna haldast óbreytt þrátt fyrir flutning milli starfssviða Flóabandalagsins. Einnig eru samningar um réttindaflutning milli allra sjóða innan Starfsgreinasambandsins og V.R.
4. Sá sem hverfur frá vinnu vegna veikinda, heimilisástæðna eða af öðrum gildum ástæðum heldur rétti sínum til styrks í allt að 24 mánuði, enda komi starfsmaður aftur til starfa eftir starfshlé. Starfsmaður sem lætur af störfum vegna aldurs heldur áunnum réttindum í 24 mánuði eftir starfslok.
5. Foreldrar í fæðingar- eða foreldraorlofi og atvinnulausir félagsmenn geta nýtt sér áunnin rétt skv. 1. gr. ef þeir velja að greiða félagsgjöld á tímabilinu.
6. Félagsmenn sem ekki hafa íslensku sem móðurmál geta sótt um styrk vegna íslenskukennslu eftir að hafa greitt til félagsins í 1 mánuð.

Upphæð endurgreiðslu

- ✚ Greitt er að hámarki kr. 60.000 á ári til einstaklings.
- ✚ Almennt nám er styrkt að hámarki sem nemur 75% af reikningi.
- ✚ Ef nám telst starfstengt er greitt allt að 90%
- ✚ Íslenskunám fyrir útlendinga er styrkt 90%.
- ✚ Starfstengt réttindanáms: Félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár eiga rétt á styrk allt að kr. 180.000,- fyrir eitt samfellt námskeið samkvæmt nánari reglum sjóðsins.
- ✚ Tómstundanám er styrkt að hámarki 18.000 og aldrei meira en 50% af reikningi.
- ✚ Félagsmenn eiga rétt á styrk vegna aukinna ökuréttinda að uppþæð 100.000kr.
- ✚ Félagsmenn sem eru lesblindir eða eiga við lestrar- og ritörðuleika að stríða geta sótt um styrk að hámarki sem nemur 75% af reikningi vegna kaupa á hjálpartækjum til stuðnings við lestur eða skrift.
- ✚ Veittir eru styrkir til náms og kynnisferða að hámarki 30.000kr. fyrst eftir þriggja ára samfellda félagsaðild síðan á þriggja ára fresti.

-Ekki mega líða meira en 12 mánuðir frá því að námi lýkur þar til að sótt er um endurgreiðslu.

-Tekið er við umsóknum til og með 20. hvers mánaðar og greitt er út fyrsta virka dag í mánuði. Greitt er inn á bankareikning viðkomandi.

	BRÁÐ- UM	EXDA	STYRKTI		VFINGERÐ HYSK- INN		HULDU- MENN VÆTA	HUGBOÐ SKOÐA SKELIN		
	LYFTI			EÐA HRÓS- AR						BEL- JAKA
	SÍFELT LÖNGUN						INNÝFLI GLUF- AN	8		
		BLUND- AR	3					ALPAST LÆR- DÖMUR		
	SÍEHT HÆÐ			ELSKAR ATLAGA	ELDSTÓ LÆRÐI		ÖÐLAST RÖSK	FLÖT- LIM MJÖG.		PLIKAR
	VIÐ- ALUKI LITAN	↓	↓	↓	↓	NÁÐHÚS YNDI				HRÆÐO- AR GLJUFUR
					KJAFI MÁL- FÆRI	4		HREYF- ING GÓÐ.		
				BORÐ- AÐI BER		KOMAST SMÁ- BÆR		GÖSS KRÖK		
	BRÚKA KANNA						SJÖR ÖTULL			SIGLU- TOPP
	PRAMMA PÍLA			HÁRUG- UR MJÖG					HVAÐ S'ALI STÖR	
1		KEYRA SNJÖKOMA TOGAÐI		NÖLDRA ÖFUS			SVEFN N'ISKA	6		
M'ALM- PRÆÐUR HÆTTA	↓	↓			LIRKOMA RUGLAÐ				↓	
			GABB HEY- SÆTI			TUDDI SJÖN			VENJLI	
	↓	↓		MYNDAR- SKAPUR BÖK			DRASL GRUNA			
ANÆGA- IR		FLJÖT- LIR ATHYGLI		H'AVADA FLJÖT- FÆRNI		ÖÐI HRINDI		2	V	AUGA- BRAGÐ
					DRUNIR SKÖR- DYR					FLÖKTA HÉSTUR
ÖÐLAST SKRIFA FRIBUR			SKAK RYK- KORN			PÖKK FROST- SKEMMD				TÓK
			LÉLEGI AR- MYNNI	5				LIPP- SPRETTA HROSS- HÚÐ		
		KYRRÐ		ÞJÓTA		SLEIP- AR				
ÖLM	↳	→			SLATT- ARTÆKI					LEYF- IST

Bókstafirnir í töluasettu reitunum mynda nafn á götu í Hafnarfirði

Fyrsti vinningur er 10.000 krónur og annar vinningur helgardvöl í orlofshúsi Hlífar að eigin vali í vetur.
Dregið verður úr réttum lausnum. Úrlausnum ber að skila á skrifstofu Hlífar, Reykjavíkurvegi 64 fyrir 6. apríl 2011.



VERKALÝÐSFÉLAGIÐ HLÍF
Reykjavíkurvegi 64
Sími: 5 100 800
www.hlif.is

Umsókn í orlofshús Hlíf

Merkja skal 1 við fyrsta val, 2 við annað val, 3 við þriðja val o.s.f.v.

Ölfusborgir. nr. 17 _____ nr. 35 _____
Með heitum potti

Vaðnes, Kjarrbraut nr. 8 _____ nr. 10 _____
Með heitum potti

Húsafell, Stórarjódur nr. 8 _____
Með heitum potti

Munaðarnes, Borgarfirði. Kolás 12 _____ Kolás 12 a _____
Með heitum potti

Einarsstaðir, Egilsstöðum nr. 5 _____

Akureyri - Furulundur nr. 8C _____ nr. 10N _____ nr. 10R _____

Nafn: _____ kt: _____ - _____

Heimilisfang: _____ Póstn. _____

H.sími: _____ GSM: _____ V.sími: _____

Vinnustaður: _____

Úthlutun óskast í eftirfarandi viku:

Athugið: Orlofshúsin/íbúðirnar eru leigðar út frá föstudegi til föstudags.

Dags frá: _____ / til: _____ 20__ Til vara: _____ / til: _____ 20__

Hafnarfirði dags: _____ / _____ ár: 20__

Útfyllist af Verkalýðsfélaginu Hlíf

Áður úthlutað: _____

Úrskurður: _____

Orlofshús um páska

Einnig er hægt að sækja um orlofshús yfir páskana. Að þessu sinni telst páskavikan vera frá 20. - 27 apríl og er leiguverðið kr. 15.000. Tekið er á móti umsóknum til og með 30. mars á Skrifstofu Hlíf. Ekki er hægt að sækja um rafrænt en umsóknareyðublað er að finna á www.hlif.is undir orlofshús. Nánari upplýsingar í síma: 5 100 800